

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 49/1999**

**frá 30. apríl 1999**

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)  
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 30/1999 frá 26. mars 1999<sup>(1)</sup>.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1000/98 frá 13. maí 1998 um breytingu á I. og II. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1076/98 frá 27. maí 1998 um breytingu á II. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu<sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1191/98 frá 9. júní 1998 um breytingu á I. og II. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarksmagn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu<sup>(4)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

---

<sup>(1)</sup> Hefur enn ekki verið birt.

<sup>(2)</sup> Stjt.íð. EB L 142, 14.5.1998, bls. 18.

<sup>(3)</sup> Stjt.íð. EB L 154, 28.5.1998, bls. 14.

<sup>(4)</sup> Stjt.íð. EB L 165, 10.6.1998, bls. 6.

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliðir bætist við í 14. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90) í XIII. kafla II. viðauka við samninginn:

- „- **398 R 1000**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1000/98 frá 13. maí 1998 (Stjtið. EB L 142, 14.5.1998, bls. 18),
- **398 R 1076**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1076/98 frá 27. maí 1998 (Stjtið. EB L 154, 28.5.1998, bls. 14),
- **398 R 1191**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1191/98 frá 9. júní 1998 (Stjtið. EB L 165, 10.6.1998, bls. 6).“

*2. gr.*

Fullgiltur texti reglugerða framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1000/98, (EB) nr. 1076/98 og (EB) nr. 1191/98 á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. maí 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 30. apríl 1999.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður*

*F. Barbaso*

*Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*G. Vik*

*E. Gerner*

